


Ísafjarðarbær
Hafnarstræti 1
400 Ísafirði

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum
Nafnfræðisvið
Laugavegi 13, 101 Reykjavík
sími: 525-4433
nafn@arnastofnun.is
www.arnastofnun.is



Efni: Könnun um nöfn á nýbýlum og breytingar á nöfnum býla

Á nafnfræðisviði Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum er nú, Örnefnanefnd, verið að kanna nafngiftir býla frá því að ný lög um örnefni (22/2015) tóku gildi. Sveitarfélög hafa umsjón með skráningu staðfanga innan staðarmarka sinna, þ.m.t. nafna á býlum, og er þess vegna leitað til sveitarfélaga við gerð könnunarinnar.

Óskað er eftir upplýsingum um neðangreint á tímabilinu frá 17. mars 2015, þegar ný lög um örnefni tóku gildi, þar til nú:


- 1) Nöfn á nýjum lögbylum eða nýjum lögheimilum á lóðum í dreifbýli í sveitarfélaginu ásamt dagsetningu skráningar.
- 2) Breytingar á nöfnum býla í sveitarfélaginu, þ.e. lögbyla eða annarra býla í dreifbýli þar sem fólk á lögheimili, ásamt dagsetningu skráningar.
- 3) Rökstuðning eða skýringu á vali nafns sem fylgdi umsóknum um ný eða breytt nöfn, sbr. liði 1) og 2).
- 4) Tilvik um að umsóknum um ný eða breytt nöfn hafi verið hafnað og ástæður þess að þeim var hafnað.

Svör óskast send fyrir 20. janúar 2019 eða eins fljótt og kostur er.

Hægt er að senda svör með tölvupósti á netfang nafnfræðisviðs, nafn@arnastofnun.is, eða bréfléiðis á póstfang sviðsins hjá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum (sjá að ofan).

Nánari upplýsingar um könnunina veitir Aðalsteinn Hákonarson, verkefnisstjóri á nafnfræðisviði Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, í síma 525-4433 eða í gegnum tölvupóst adalsteinn.hakonarson@arnastofnun.is eða nafn@arnastofnun.is.

Virðingarfyllt,


Aðalsteinn Hákonarson